

Skólaráðsfundur 14.okt. 2021

Mættir: Skólastjóri, Sandra Finnsd., Eygló Óttarsd, Gulla Björk, Sigurlaug Guðj., Sigríður Sal., Sveinn og Sigríður Birta.

Dagskrá:

Innra mat kynnt

Mat hefur farið fram undanfarið og er skólinn kominn vel á veg með dökkgræna hlutann. Innra mat er mjög gott matstæki til að fylgjast með og meta stöðuna. Lögð var áhersla á nám og kennslu, stjórnun og innra mat. Í framhaldi var gerð umbótaáætlun um þá þætti sem bæta má og skoða betur auk þeirra þátta sem ekki ná matsviðmiðum – og mörgum af þeim þáttum hefur þegar verið brugðist við t.d. með stofnun teyma. Stefnt er að því að við lok skólaársins 2023 verði 90% orðið dökkgrænt.

Starfsáætlun:

Starfsáætlun skólans má finna á heimasíðu skólans. Hún er lifandi plagg sem er uppfært jafnóðum yfir skólaárið. Stórt og gott plagg þar sem finna má allar upplýsingar sem koma að starfi skólans, t.d. áætlun, starfandi teymi, nemendaverndarráð, sérfræðinga við skólann, öryggisverði skólans, starfsáætlun nemenda þar sem finna má t.d. alla uppbrotsdaga.

Önnur mál:

-Nemendaráð ætlar að vera með mánaðarlegt fréttabréf sem mun birtast á heimasíðu.

-Heimasíðan hefur verið uppfærð að miklu leyti og er hún mjög aðgengileg og flott. Tillaga um að senda póst á foreldra og minna á allar þær upplýsingar sem finna má á heimasíðunni.

Næsti fundur áætlaður 16. nóvember.